

Notandaleiðbeiningar

Forritið (snið EXCEL 2003 eða yngra) reiknar núvirtan stofn- og viðhaldskostnað fyrir tvær slitlagsgerðir, malbik (SMA16) og steypu (C60) undir vissum kringumstæðum sem eru tilgreindar hér á eftir. Notandinn þarf að setja einingaverð inn í þar til gerða skrá (á flipa merktum VERÐSKRÁ) og auk þess reiknivexti þá sem hann vill nota. Forritið skilar niðurstöðum (samanlögðum stofn- og viðhaldskostnaði færðum til núvirðis) á sömu síðu og verðskráin er. Nánari sundurliðun á kostnaðinum má sjá á öðrum flipum í forritinu (VIÐAUKI 21...VIÐAUKI 24 og VIÐAUKI 41...VIÐAUKI 43). Frekari grein er gerð fyrir kostnaðarreikningunum í skýrslu frá Nýsköpunarmiðstöð Íslands „Líkan til samanburðar á hagkvæmni steyptra og malbikaðra slitlaga“.

Í forritinu er ýmist gert ráð fyrir 2 % árlegri umferðaraukningu (VIÐAUKI 21...VIÐAUKI 24) eða að hún sé 4 % (VIÐAUKI 41...VIÐAUKI 43). Auk þess er hægt að breyta einingaverðum eins og áður er sagt og ennfremur reiknivöxtum (með því að setja inn jákvæða eða neikvæða tölu í reitinn BREYTING í verðskránni). Aðrar breytingar á forsendum leyfir forritið ekki.

Kostnaðarreikningarnir miðast við 1 km langan kafla á annarri akbraut fjögurra akreina vegar þar sem umferð á opunarári er 8000 ÁDU (á báðum akbrautum), þar af 10 % þung umferð. Kostnaði vegna axla og vegmerkingar er sleppt. Gert er ráð fyrir að 20 % umferðarinnar (á ársgrundvelli) noti neglða hjólbarða og að slitlag sé endurnýjað þegar hjólför hafa náð 25 mm.

Í verðskránni er tilgreindur svokallaður verðstuðull með sjálfgildið 1 (default). Með því að breyta honum má sjá hvaða áhrif breytingar á einingarverði hafa á niðurstöðurnar. Sé stuðlinum breytt úr 1,0 í 1,1 fyrir aksturskostnað svo dæmi sé tekið, sést hvaða áhrif 10 % verðhækkun á akstri hefur á niðurstöðurnar.